

Alþingi
Erindi nr. P 139/1548
komudagur 1.3.2011



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
b.t. Benedikts Benediktssonar, nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 1. mars 2011
Tilv.: SLR09120016/3.1

Efni: Umsögn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis um umsögn umhverfisnefndar Alþingis um frumvarp til laga um skeldýrarækt.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið vísar til erindis yðar sem barst ráðuneytinu með tölvubréfi 18. febrúar 2011, þar sem óskað er eftir skriflegri umsögn ráðuneytisins um umsögn umhverfisnefndar Alþingis um frumvarp til laga um skeldýrarækt, sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011, sbr. þskj. 218, 201. mál.

Hér á eftir fer umsögn ráðuneytisins samkvæmt framangreindu erindi yðar um þau atriði sem koma fram í umsögn umhverfisnefndar Alþingis um frumvarpið:

1. Í umsögn umhverfisnefndar Alþingis segir m.a.:

“Í frumvarpinu kemur fram að markmiðið með setningu sérstakra laga um skeldýrarækt sé að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra, setja reglur um starfsemina og að efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Telur meirihlutinn frumvarpið ágætlega unnið út frá þeim þáttum sem varða málefni sjávarútvegs og nýtingu og ræktun skeldýra. Hins vegar bendir meiri hlutinn á að ekki er nægilega fjallað um umhverfisþætti málsins og á það við um skipulag, mengunarmál og náttúruvernd. Verndun lífríkis og viðhald líffræðilegrar fjölbreytni er ekki meðal markmiða frumvarpsins, sem þó væri við hæfi þar sem skeldýrarækt getur haft verulega áhrif á lífríki umhverfis. Þekkt er að ýmsar dýrategundir hneigjast til að sækja að eldisstöðvum. Til þess þarf að taka tillit við skipulag ræktunarsvæða og stofnun eldisstöðva, í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun. Í því sambandi þarf einnig að setja regluramma um aðgerðir til að fæla afræningja frá ræktunarstað, svo sem æðarfugl og sel.”

Svar: Frumvarpi til laga um skeldýrarækt er ætlað að verða löggjöf um atvinnugrein og er það mat ráðuneytisins að ekki sé ástæða til að fjalla með sérstökum hætti um umhverfismál í þeim lögum. Um þau umhverfisatriði sem varða skeldýrarækt gildir almenn löggjöf um umhverfismál, eins og um aðrar atvinnugreinar og til þess hafa verið sett hin ýmsu lög um umhverfismál, s.s. skipulagslög nr. 123/2010, mannvirkjalög nr. 160/2010, lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl. Almenn er hins vegar ekki fjallað um umhverfisatriði í sérlægum um einstakar atvinnugreinar. Ráðuneytið telur nægilegt að fjallað sé um umhverfisþætti sem lúta að skeldýrarækt í þeim lögum sem fjalla um umhverfismál. Þá telur ráðuneytið ekki sérstaka ástæðu til að bæta við þetta frumvarp ákvæði um að fæla skuli afræningja frá með einhverjum hætti og telur að það eigi frekar að vera í

öðrum lögum um umhverfismál, t.d. náttúruverndarlögum nr. 44/1999, enda er eðlilegt að framkvæmd slíkra ákvæða sé hendi stofnana sem fara með umhverfismál. Ef sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd telur slíkt ákvæði nauðsynlegt í þessum lögum gerir ráðuneytið ekki frekari athugasemdir við það. Einnig vill ráðuneytið benda á að skeldýrarækt er ekki eldi og því er jafnan talað um ræktunarstöðvar en ekki eldisstöðvar eins og kemur fram í umsögninni.

2. Einnig segir í framangreindri umsögn umhverfisnefndar Alþingis m.a.:

“Meiri hlutinn telur að gildissviðsákvæði frumvarpsins sé ekki nægjanlega skýrt. Skynsamlegt virðist að afmarka gildissviðið betur og takmarka það við sjóinn, enda þyrfti að gera viðtækari breytingar ef það ætti einnig að taka til ræktunar í ferskvatni, og yrðu þá aðrar stofnanir og aðilar að koma að umsögnum og leyfisveitingum. Þar sem ekki er minnst á Veiðimálastofnun í frumvarpinu telur meirihlutinn líklegt að frumvarpinu sé ekki ætlað að ná til ferskvatns. Bendir meiri hlutinn jafnframt á að ekki er ljóst hvort frumvarpið taki til ræktunar skeldýra í eldisstöð á landi.”

Svar: Gildissvið laganna kemur fram í 2. gr. frumvarpsins en þar segir m.a.: “Lög þessi taka til ræktunar skeldýra á íslensku forráðasvæði.” Með frumvarpinu er ætlunin að setja heildarlög um skeldýrarækt sem atvinnugrein sem gildi um alla skeldýrarækt hér á landi, bæði í sjó og í ferskvatni. Eins er frumvarpinu ætlað að gilda um skeldýrarækt í ræktunarstöðvum á landi en slíkar ræktunarstöðvar eru ekki undanskildar ákvæðum frumvarpsins. Eins og áður segir fer skeldýrarækt fram í ræktunarstöðvum en ekki eldisstöðvum, sbr. 1. tl. Ráðuneytið telur framangreint orðalag vera í samræmi við þessi markmið með frumvarpinu og telur það jafnframt koma skýrt fram í ákvæðum þess. Af því leiðir að ráðuneytið telur ekki ástæðu til að takmarka gildissvið þeirra laga sem sett kunna að verða á grundvelli frumvarpsins við skeldýrarækt í sjó eins og lagt er til í umsögn umhverfisnefndar Alþingis. Það er mat ráðuneytisins að slík takmörkun muni draga verulega úr þýðingu þeirra laga sem sett kunna að verða á grundvelli þess sem heildarlaga um atvinnugreinina. Ráðuneytið gerir hins vegar ekki athugasemdir við að Veiðimálastofnun verði bætt við sem umsagnaraðila samkvæmt frumvarpinu. Ef sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd telur rétt að takmarka gildissvið frumvarpsins við ræktun í söltu vatni, gerir ráðuneytið ekki frekari athugasemdir við það.

3. Ennfremur segir í framangreindri umsögn umhverfisnefndar Alþingis m.a.:

“Meiri hlutinn gerir athugasemdir við skilgreiningar í 3. gr. frumvarpsins. Telur meiri hlutinn að æskilegt væri að bæta inn skilgreiningum á þeim tegundum sem frumvarpið tekur til, svo sem skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum, sem tilgreind eru í 2. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemdir Náttúrufræðistofnunar við fyrra frumvarp frá 18. maí 2010. Að mati meiri hlutans er nauðsynlegt að skýra betur hvaða tegundir hryggleysingja frumvarpið fjallar um. Einnig er nauðsynlegt að skýra betur aðrar skilgreiningar og gæta samræmis, svo sem milli skilgreininganna um “ræktunarsvæði” og “skeldýrarækt”. Tekur meiri hlutinn að auki undir þær athugasemdir úr umsögnum að gera þurfi greinarmun á ræktun með fóðrun og ræktun þar sem dýrin eiga sjálf að afla sér fæðu.”

Svar: Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að bætt verði skilgreiningum við 3. gr. frumvarpsins en telur ekki sérstaka ástæðu til þess. Þá bendir ráðuneytið á að gert er ráð fyrir að við framkvæmd laganna verði ýmis hugtök skilgreind með reglugerð sem áformað er að setja á grundvelli laganna. Ef sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis telur ástæðu til að samræma betur skilgreiningar á hugtökunum “Ræktunarsvæði” og “Skeldýrarækt” gerir ráðuneytið ekki athugasemdir við það. Ekki gert ráð fyrir í frumvarpinu að skeldýrarækt sé ræktun með fóðrun heldur án fóðrunar þar sem dýrin afla sér sjálf fæðu eins og sést m.a. á skilgreiningum í 3. gr. frumvarpsins, t.d. á hugtökunum “Ræktunarsvæði” og “Skeldýrarækt”. Skeldýrarækt er ræktun þar sem dýrin afla fódurs úr náttúrunni en ekki eldi þar sem dýr eru

fóðruð.

4. Þá segir í framangreindri umsögn umhverfisnefndar Alþingis m.a.:

“Meiri hlutinn bendir á að í öðrum og þriðja kafla frumvarpsins er nauðsynlegt að bæta við ákvæðum um að leita skuli umsagnar stofnana sem fara með ýmis umhverfismál, svo sem Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands til þess að nægilega verði farið yfir mikilvæga umhverfispætti. Þetta á ekki síst við um ræktunarsvæði, skipulag þeirra og skiptingu skv. 5. gr. frumvarpsins þar sem edlilegt er að byggja á umsögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Telur meiri hlutinn jafnframt að einnig ætti að leita umsagnar ferðamálayfirvalda um ræktunarsvæðin vegna áhrifa á ferðamál. Einnig leggur meirihlutinn til að tryggt verði í frumvarpinu að almenningur geti komið sínum sjónarmiðum að áður en ákvörðun er tekin um nýtingu stofns, sbr. ákvæði Árósasamningsins.”

Svar: Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands verði bætt við þau ákvæði II. og III. kafla frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir umsagnaraðilum. Ráðuneytið telur hins vegar ekki sérstaka ástæðu til að bæta ákvæðum við frumvarpið um að leita umsagna ferðamálayfirvalda. Þar sem Árósasamningurinn hefur enn ekki enn verið innleiddur í íslenska löggjöf er ekki unnt að aðlaga ákvæði frumvarpsins að samningnum. Ef Árósasamningurinn verður síðar innleiddur í íslenska löggjöf kemur að mati ráðuneytisins til greina að breyta ákvæðum þessara laga þannig að lög sem verða sett til að innleiða Árósasamninginn muni einnig gilda um starfsemi á sviði skeldýraræktar.

5. Jafnframt segir í framangreindri umsögn umhverfisnefndar Alþingis m.a.:

“Meiri hlutinn bendir á að skeldýrarækt er eins og annað eldi sjávar- og ferskvatnslífvera, starfsleyfisskyld samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Hins vegar kemur þetta hvergi fram í frumvarpinu og leggur meiri hlutinn til að í því efni verði horft til uppbyggingar á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi. Að mati meiri hlutans verða umfangsmikil tilraunaverkefni að hafa starfsleyfi þó að um tímabundna starfsemi sé að ræða en samkvæmt 7. gr. frumvarpsins getur Matvælastofnun gefið út tímabundin tilraunaleyfi til skeldýraræktar, til þess að kanna hvort svæðið henti til slíkrar ræktunar. Enn fremur bendir meiri hlutinn á að í ákvæðinu er kveðið á um að áður en tilraunaleyfi er veitt skuli Matvælastofnun leita umsagna ákveðinna aðila um hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðaferðiahrifum á svæðinu vegna starfseminnar. Ekki er þó kveðið á um að leita skuli umsagnar ráðuneytis umhverfismála eða stofnana þess, eins og edlilegt má telja”.

Svar: Við útgáfu rekstrarleyfis til fiskeldis samkvæmt lögum nr. 71/2008 þarf að liggja fyrir starfsleyfi frá Umhverfisstofnun ef um fiskeldi er að ræða sem er yfir 200 tonn og er með fráveitu í sjó eða ef um er að ræða eldi sem fer yfir 20 tonn með fráveitu í ferskvatn. Í öðrum tilvikum þarf að liggja fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefndar viðkomandi sveitarfélags. Ástæða þess ákveðið var að semja þetta frumvarp var m.a. sú að ákvæði laga nr. 71/2008, um fiskeldi voru ekki talin geta gilt að öllu leyti um skeldýrarækt, þ.á.m. kræklingarækt. Umhverfisstofnun hafði m.a. hafnað að gefa út starfsleyfi til atvinnustarfsemi á sviði kræklingaeldis þar sem stofnunin taldi hana ekki vera mengandi starfsemi og því ekki falla undir ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Meðfylgjandi sendir ráðuneytið ljósrít af ákvörðun Umhverfisstofnunar um það efni, dags. 12. apríl 2006. Samkvæmt lögum nr. 71/2008 var hins vegar gert ráð fyrir að slík starfsleyfi yrðu að vera gefin út fyrir viðkomandi starfsemi áður en en rekstrarleyfi væru gefin út. Ráðuneytið telur samkvæmt framanrituðu ekki unnt að haga ákvæðum þessara laga með sama hætti og er í lögum nr. 71/2008, um fiskeldi. Í

frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að önnur ráðuneyti séu umsagnaraðilar um framkvæmd þeirra ákvæða sem þar eru en í ýmsum ákvæðum frumvarpsins er gert ráð fyrir að stofnanir þess ráðuneytis verði umsagnaraðilar, t.d. Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ráðuneytið telur að aðkoma umhverfisyfirvalda að starfsemi á sviði skeldýraræktar hafi verið nægilega tryggð með þeim ákvæðum. Þá vekur ráðuneytið athygli á að umhverfiráðuneytið er ekki umsagnaraðili samkvæmt lögum nr. 71/2008, um fiskeldi en stofnanir þess ráðuneytis hafa einnig tiltekna aðkomu að þeim málum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

6. Þá segir í framangreindri umsögn umhverfisnefndar Alþingis m.a.:

“Að mati meiri hlutans er ákvæði um hámarksfrest til að skila athugasemdum skv. 9. gr. of knappur og nægir ekki til þess að leita eftir nauðsynlegum upplýsingum ef leita þarf til þriðja aðila og væri eðlilegra að viðkomandi stjórnvald geti tilgreint í umsagnarbeiðni hæfilegan frest til að veita umsögn í stað þess að binda frestinn við tvær vikur.”

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að umræddir frestir verði lengri en kveðið er á um í frumvarpinu eða að ákvæði um þá verði felld brott. M.a. bendir ráðuneytið á að það leiðir af 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að stjórnvaldi er alltaf skylt að setja fresti þegar óskað er eftir umsögnum frá öðrum stjórnvöldum eða aðilum. Af 1. mgr. sömu greinar leiðir jafnframt að ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er sem hefur þá þýðingu að þegar stjórnvöld leita eftir umsögnum ber þeim að setja umsagnaraðilum hæfilega fresti til að skila umsögnum. Ef ákvæði um fresti fyrir umsagnaraðila verða felld brott úr frumvarpinu gildir framangreint ákvæði 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 þegar leitað er umsagna samkvæmt ákvæðum þess, verði frumvarpið að lögum.

7. Þá segir í framangreindri umsögn umhverfisnefndar Alþingis m.a.:

“Meiri hlutinn bendir á að samkvæmt skipulagslögum er sveitarfélögum falið að gera skipulagsáætlanir. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að aðkoma byggingar- og skipulagsfulltrúa sveitarfélaga einskorðist við að gefa út yfirlýsingu þess efnis að mannvirki sem áformað er að nota við skeldýrarækt séu í samræmi við skipulag. Telur meiri hlutinn mikilvægt að óskað sé eftir afstöðu viðkomandi sveitarstjórna út frá viðum sjónarmiðum til fyrirhugaðra ákvarðana um skiptingu ræktunarsvæða, sbr. 5. gr. frumvarpsins og III. kafla. Því til stuðnings bendir meiri hlutinn á að ýmis skipulagsskyld starfsemi sem sveitarfélögin bera ábyrgð á getur rekist á við hagsmuni skeldýraræktar og má þar nefna mengandi starfsemi af ýmsu tagi, t.d. hafnarmannvirki og áætlanir um uppbyggingu fráveitumannvirkja. Telur meiri hlutinn að eðlilegt væri að setja þyrfti skeldýrarækt inn í skipulag sveitarfélaga þar sem sveitarfélög hafa rétt til að skipuleggja landsvæði sveitarfélagsins sem liggur innan netlaga, sbr. IV. kafla skipulagslaga nr. 123/2010. Bendir meiri hlutinn jafnframt á að á grundvelli laga um mannvirki, nr. 160/2010, veitir Mannvirkjastofnun byggingarleyfi vegna framkvæmda á hafi utan sveitarfélagamarka. Að mati meiri hlutans væri því eðlilegt að leita umsagnar stofnunarinnar þegar við á. Meiri hlutinn tekur einnig undir athugasemdir Skipulagsstofnunar frá 14. maí 2010, þegar málið var flutt á 138. þingi, og telur æskilegt að unnið verði heildstætt skipulag fyrir strandsvæði en ekki einungis útnefnd ræktunarsvæði við strendur landsins.”

Svar: Hér er um að ræða gagnlegar athugasemdir sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið telur að geti orðið grundvöllur að viðeigandi breytingum á tilteknum lögum á sviði umhverfismála, t.d. skipulagslögum nr. 123/2010 o.fl. Ráðuneytið telur hins vegar að ákvæði sem lúta að þeim atriðum sem þar er fjallað um eigi síður við um þetta frumvarp. Ráðuneytið áréttar að við framkvæmd frumvarpsins verður mikilvægt að eiga góða samvinnu við sveitarstjórnir. Sveitarstjórnir eru nú umsagnaraðilar samkvæmt þeim ákvæðum frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir umsagnaraðilum. Ef sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd telur að þörf

sé á umsögnum sveitarfélaga í fleiri ákvæðum en nú er gert ráð fyrir, gerir ráðuneytið ekki athugasemdir við það að sveitarstjórnunum verði veittur umsagnarréttur um þau atriði frumvarpsins. Þá skal upplýst að ákvæði laga nr. 160/2010, um mannvirki höfðu ekki verið lögfest þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011 og hefur því ekki verið gert ráð fyrir Mannvirkjastofnun sem umsagnaraðila í frumvarpinu. Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að stofnuninni verði bætt við frumvarpið sem umsagnaraðila ef sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd telur ástæðu til.

8. Þá segir í framangreindri umsögn umhverfisnefndar Alþingis:

“Í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Matvælastofnun geti afturkallað tilraunaleyfi og ræktunarleyfi séu aðstæður óviðunandi vegna hættu á mengun eða vegna annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Bendir meiri hlutinn á að um framkvæmd mengunareftirlits fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og er það verkefni ekki innan valdsviðs stofnunarinnar. Telur meiri hlutinn að með þessari ráðstöfun í frumvarpinu sé hugsanlega farið inn á lögverndað starfsvið heilbrigðisfulltrúa.”

Svar: Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Matvælastofnun gefi út tilraunaleyfi og ræktunarleyfi samkvæmt 7. og 9. gr. frumvarpsins en samkvæmt því getur einungis Matvælastofnun afturkallað þau leyfi ef tilefni verður til þess. Útgáfa tilraunaleyfa eða ræktunarleyfa er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er gert ráð fyrir að það sé alltaf sama stjórnvald sem tekur stjórnvaldsákvörðun og afturkallar hana ef tilefni verður til. Matvælastofnun tekur samkvæmt frumvarpinu þær stjórnvaldsákvæðanir sem felast í útgáfu tilraunaleyfa og ræktunarleyfa og getur einungis sú stofnun, þ.e. Matvælastofnun, afturkallað þau leyfi. Í frumvarpinu eru sett ákvæði um þau sjónarmið sem afturköllun verður byggð á og má gera ráð fyrir að Matvælastofnun leiti eftir umsögnum sérfróðra aðila um það efni hverju sinni, t.d. frá heilbrigðisfulltrúum ef ástæður fyrir áformaðri afturköllun eru aukin mengunarhætta en einnig öðrum sérfróðum aðilum ef ástæður afturköllunar er að rekja til annarra ófyrirséðra aðstæðna, eins og segir í ákvæðinu.

9. Loks segir í framangreindri umsögn umhverfisnefndar Alþingis:

“Meiri hlutinn bendir á tengsl frumvarpsins við 298. mál, um stjórn vatnamála, sem nú er til umfjöllunar í umhverfisnefnd. Telur meiri hlutinn að nauðsynlegt sé að skoða sérstaklega hvort samræma þurfi frumvarp um skeldýrarækt við afgreiðslu 298. máls. Einnig telur meiri hlutinn að nauðsynlegt sé að bæta við ákvæði í 17. gr. um að leita skuli umsagna umhverfisyrivalda um ákvæði reglugerða sem fyrirhugað verður að setja á grundvelli laganna, til þess að tryggja að tekið verði á umhverfis- og náttúruvernd með fullnægjandi hætti við reglugerðasetningu um framkvæmd skeldýraræktunar.”

Svar: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að frumvarp til laga um skeldýrarækt verði skoðað með hliðsjón af frumvarpi til laga um stjórn vatnamála, sbr. 298. mál. Náttúrufræðistofnun Íslands er umsagnaraðili samkvæmt 17. gr. frumvarpsins um setningu stjórnvaldsfyrirmæla á grundvelli þeirra laga sem áformað er að setja á grundvelli frumvarpsins. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gerir hins vegar ekki athugasemdir við að Umhverfisstofnun verði þar einnig bætt við sem umsagnaraðila ef sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd telur tilefni til þess.

10. Að lokum segir í framangreindri umsögn umhverfisnefndar Alþingis:

“Meiri hlutinn vekur einnig athygli á því að ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir endurgjaldi vegna nýtingar hinnar sameiginlegu sjávarauðlindar. Þetta á einnig við annan skyldan


atvinnurekstur í sjó, og þarf að huga að þeim málum sérstaklega. Meiri hlutinn telur að tryggja þurfi að ekki skapist með nýjum lögum neins konar nýtingar- eða eignarréttur á þessu sviði þangað til heildarlöggjöf kemst á um þessi efni.”

Svar: Þar sem stefnumótun og umræðu í þjóðfélaginu er ekki lokið um þetta efni telur ráðuneytið ekki unnt að taka afstöðu til þessara athugasemda. Skeldýrarækt hér á landi er ung atvinnugrein. Gera má ráð fyrir að enn sé ekki hagnaður af starfseminni sem er enn á tilraunastigi. Ekki er gert ráð fyrir að nýtingar- eða eignarréttur stofnist um þessi efni þar sem framsal leyfa til skeldýraræktar, bæði tilraunaleyfa og ræktunarleyfa, er óheimilt samkvæmt 16. gr. frumvarpsins. Ákvæði frumvarpsins byggja á því að leyfi til skeldýraræktunar verði gefin út á ákveðna kennitölu einstaklings eða lögaðila og að þau verði bundin við þá kennitölu á meðan þau eru í gildi.

Með vísan til framanritaðs er það mat ráðuneytisins að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis kunni e.t.v. að vilja gera breytingar á grundvelli framangreindrar umfjöllunar sem felast í því að fjölga umsagnaraðilum samkvæmt 5., 6., 7. 9. og 17. gr. frumvarpsins og að fella brott fresti umsagnaraðila til að skila umsögnum samkvæmt sömu ákvæðum auk þess sem til greina getur komið að samræma betur orðskýringar í 3. gr. frumvarpsins. Ef óskað er frekari upplýsinga um framangreind atriði mun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið afla þeirra þeirra upplýsinga og senda sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.

Fyrir hönd ráðherra


Ingimar Jóhannsson


Sigríður Norðmann